

Skólaráðfundur 16. febrúar 2021 kl: 8:15

Mættir: María skólastjóri, Álfrún kennari, Ingibjörg kennari, Alfreð kokkur, Pétur foreldri, Ísak nemandi, Sunna nemandi, Áslaug foreldri, Þorvar, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ingunn ritari.

Skóladagatal

- Breytingar frá fyrri drögum: Skipulagsdagur færður til vegna Menntakviku frá 8 . okt. til 15 okt.
- Rætt um foreldraviðtöl – sem eru fljótandi þar sem kennarar taka nemenda- og foreldraviðtöl eftir kennslu, færri skertir dagar yfir skólaárið.
- Skólaslit 3. júní 2022.
- Skóladagatal samþykkt af skólaráði Vatnsendaskóla.
- Gott að láta Íþróttafélög vita þegar skólaslit eru þannig að námskeið geti byrjað. María sendir skóladagatal til íþróttafélaga þegar það hefur verið samþykkt af menntaráði Kópavogsbæjar.

Ungt fólk – könnun

Niðurstöður - Vatnsendaskóli

- Farið yfir helstu lykiltölur er varðar Vatnsendaskóla
- Umræður um stöðu stelpna og stráka er varðar kvíða og of mikla pressu frá foreldrum um að standa sig vel í námi.
- Umræður um félagsmiðstöðvar – opnunartíma – hugmynd um að hafa opið – mán/mið og þri/fimmt aðra hvora viku þannig að líkur séu að á nemendur komist
- Kynning á niðurstöðum fyrir alla foreldra frá R&G í Vatnsendaskóla ásamt vímuefnafræðslu um miðjan mars.

Önnur mál

- Skólalóð- aparóla komin í gagnið, klifurveggurinn nýtist vel – ekkert heyrst hefur af komandi framkvæmdum.
- Brunaæfing- gekk mjög vel hjá okkur
- Öskudagur er með óhefðbundnum hætti í skólanum þar sem árgangateymi sjá um skipulag. Íþróttabraut verður sett upp í íþróttahúsi og tíma skipt á milli árganga.

fundið slitið kl 9:07